

# Nýting norrænnar goðafræði í listum

Um verk Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur og Gunnars Karlssonar

Sigrún Sæmundsen



Listaháskóli Íslands

Hönnunar- og arkitektúrdeild

Grafísk hönnun

## **Nýting norrænnar goðafræði í listum**

**Um verk Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur og Gunnars Karlssonar**

Sigrún Sæmundsen

Leiðbeinandi: Ágústa Kristófersdóttir

Vorönn 2011

## Útdráttur

Í aldanna rás hafa þó nokkur listaverk litið dagsins ljós, um allan heim og í ýmsum miðlum sem eru unnin upp úr norrænni goðafræði. Hér verður skoðað það sem er einna helst áberandi í þessum efnum á Íslandi í dag en það eru verk Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur annars vegar og Gunnars Karlssonar hins vegar. Þau verða borin saman við eldri verk úr listasögu norrænnar goðafræði. Kristín hefur getið sér gott orð fyrir myndskreytingar barnabóka byggðum á goðafræðinni og Gunnar er aðalútlitshönnuður kvikmyndarinnar *Thor - Legends of Valhalla* sem er væntanleg á sumarmánuðum 2011. Byrjað verður á því að fara stuttlega í gegnum listasöguna og fáein dæmi tekin til athugunar. Það sem verður tekið fyrir er málverk eftir hinn sænska Mårtin Eskil Winge, teikningar eftir hinn danska Lorenz Frølich og teikningar eftir hinn enska Arthur Rackham. Einnig verður litið á *Godheima* myndasögubækurnar eftir danska teiknarann Peter Madsen. Kannað verður hvernig myndlýsingar norrænnar goðafræði hafa þróast sem og velt upp hvort norræn goðafræði hafi í raun verið mikið notuð. Einnig verður varpað fram þeirri spurningu um hvort þetta efni eigi erindi við okkur í dag. Það mun koma í ljós að myndlýsingar á norrænni goðafræði hafa breyst á þessum 200 árum, raunsæi og dramatík hefur vikið úr vegi fyrir frjálsslegra formi og húmor. Kristín og Gunnar eru bæði að vinna með sama efni þótt þau geri það á mjög ólíkan hátt, þar sem Kristín myndlýsir bækur með formi og litum, en Gunnar vinnur með poppkúltúr í sköpun sinni á persónum kvikmyndar sinnar. Þau eru sammála um að norræn goðafræði sé ekki mikið nýtt í listum og ætti að vera notuð miklu meira, enda um verðmætan menningararf að ræða sem mun alltaf eiga erindi við okkur í dag, börn og fullorðna.

## Efnisyfirlit

Inngangur	<i>bls. 5</i>
Litið yfir listasögu norrænnar goðafræði	<i>bls. 6</i>
Um verk Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur og Gunnars Karlssonar	<i>bls. 12</i>
Samanburður á verkum Kristínar og Gunnars	<i>bls. 18</i>
Lokaorð	<i>bls. 19</i>
Heimildir	<i>bls. 22</i>
Myndaskrá	<i>bls. 24</i>

## Inngangur

Norræn goðafræði er arfur sem hefur fylgt Íslandi og Norðurlöndunum í hundruð ára.<sup>1</sup> Fornleifafundir benda til þess að þeir sem settust hér að fyrstir hafi verið Ásatrúar fram að kristnitöku árið 1000<sup>2</sup>. Jafnvel eftir það laumuðust margir til að hylla gömlu guðina. Á Íslandi hafa fundist gripir eins og lítið bronslíkneski af Þrumuguðinum Þór, frá 10 öld, og það sýnir að hinir norrænu landnemar tóku þessi trúarbrögð með sér til Íslands.<sup>3</sup> Á Íslandi hefur þessi arfleifð varðveist einna best, í handritum Konungsbókar og Eddu Snorra Sturlusonar.<sup>4</sup> Norræn goðafræði er best þekktá goðafræði Germana í norður- og mið-Evrópu fyrir tíma kristni og er það þessum heimildum að þakka.<sup>5</sup> Norræn goðafræði hefur einnig verið listamönnum innblástur. Í aldanna rás hafa listaverk lítið dagsins ljós um víða um heim og í ýmsum miðlum, séu það höggmyndir, málverk, innsetningar, tónverk, dansverk eða leikrit.

Markmið þessarar ritgerðar er að skoða þau verk úr norrænni goðafræði sem eru einna helst áberandi á Íslandi í dag, en það eru barnabókamyndskreytingar Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur, og tölvuteiknimyndin frá fyrirtækinu Caoz, um Þrumuguðinn Þór, þar sem Gunnar Karlsson myndlistamaður er listrænn stjórnandi og aðalútlitshönnuður. Ætlunin er að bera verk þeirra saman við sambærileg verk úr listasögunni og svo verk þeirra hvort við annað. Byrjað verður á því að skoða og greina nokkur dæmi, þar sem vel myndskreytt útgáfa Iðunnar á Eddu Snorra Sturlusonar verður aðalheimildin, en hún inniheldur um 130 verk, valin af Birni Jónassyni og Jóni Þórissyni, gerð á tíma sem spannar um 200 ár, eftir 47 listamenn frá 12 mismunandi löndum í Evrópu.<sup>6</sup> Þeirra á meðal eru íslensku listamennirnir, Ásgrímur Jónsson (1876-1958) og Jóhann Briem (1907-1991) en þorri þessara listamanna kemur frá Norðurlöndunum. Úrvalið í þessari útgáfu er því nokkuð gott og verður látið nægja í þessari ritgerð, enda er markmiðið ekki að kanna áhrif norrænnar goðafræði á listasöguna í heild sinni, heldur verða hér, eins og áður sagði, tekin fáein dæmi til samanburðar við það sem Kristín og Gunnar eru að gera. Að lokum verða Kristín og Gunnar borin saman sem listamenn með svipuð áhugamál og svipuð markmið með notkun sinni á norrænni goðafræði en ólíkar nálganir á efnið. Þar verða nýtt verk þeirra og viðtöl við þau. Verður leitast til að svara

---

<sup>1</sup> Richard Cavendish, (ritstjóri), *Mythology: An Illustrated Encyclopedia*, Orbis Publishing Ltd., London, 1980, bls. 178.

<sup>2</sup> Sama rit, bls. 178.

<sup>3</sup> Sama rit, bls. 181-187.

<sup>4</sup> H.R. Ellis Davidson, *Viking and Norse Mythology*, Chancellor Press, London, 1994, bls. 11.

<sup>5</sup> Richard Cavendish, 1980:179.

<sup>6</sup> Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda, Iðunn*, Reykjavík, 2003.

spurningunum um hvort norræn goðafræði sé nýtt sem skyldi í listum í dag, hvort túlkun listamanna á norrænni goðafræði hafi breyst og hvort þetta forna efni eigi erindi við okkur í dag.

### **Lítið yfir listasögu norrænnar goðafræði**

Aðspurð út í fjölda og aðgengi að verkum unnum úr norrænni goðafræði, eru Kristín og Gunnar bæði þeirrar skoðunar að í raun sé lítið til af efni í listasögulegu samhengi.<sup>7</sup> Þessi skoðun er ekki einsdæmi. Árið 1994 birtist viðtal við myndlistamanninn Hauk Halldórsson í Lesbók Morgunblaðsins, en hann hefur mikið unnið með goðafræði og hetjusögur í sínum verkum. Í þessu viðtali spyr blaðamaðurinn Þorri Jóhannsson Hauk, þar sem hann sé nú „einn af fáum listamönnum á Íslandi sem hafa unnið út frá goðafræði og okkar forna menningararfi,”<sup>8</sup> hvaðan áhuginn á þessu efni kemur. Haukur segist lengi hafa haft áhuga sem hófst á barnsaldri þegar föðurbróðir hans sýndi honum Íslendingasögurnar. Um þær segir hann:

Ég fór að lesa þær af áhuga vegna þess að ég hafði gaman af þessu og þar velti ég því fyrst fyrir mér hvernig stendur á því að Íslendingar sýna þessu eingöngu áhuga sem Íslendingasögum og einhverskonar hetjuímyndum, það skildi ég ekki. Vegna þess að það er miklu meira á bakvið í þessum sögum en bara það. Þar kemur fram hugsunarháttur forfeðra okkar, . . .<sup>9</sup>

Inntur að því hvort þetta efni eigi erindi við okkur í dag svarar hann:

Sjáðu, rætur hvernar jurtar eru náttúrulega upphaf hennar, hún getur engan veginn þrífist nema ræturnar séu tengdar því sem var, það er að segja jörðinni og heiðni. Rætur hljóta að vera það sem heldur jurtinni við. Ef við töpum þessum rótum okkar sem ég tel að sé heiðni og hin forna menning okkar, er voðinn vís.<sup>10</sup>

Ýmislegt hefur verið gert síðan þess ummæli féllu en nú, um 16 árum síðar, finnst Gunnari og Kristínu enn vanta eitthvað upp á þótt áhugi á að vinna með efnið hafi vissulega aukist. Fræðimönnum er þetta hugleikið og dr. Halldór Björn Runólfsson listfræðingur og safnstjóri Listasafns Íslands leggur áherslu á verðmætin sem felast í hinni norrænu goðafræði og fagnar

---

<sup>7</sup> Gunnar Karlsson, tölvupóstur til höfundar, 21. janúar, 2011 og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, tölvupóstur til höfundar, 7. janúar, 2010.

<sup>8</sup> Haukur Halldórsson, „Ég er mistækur listamaður með mörg járn í eldinum“ [Viðtal] *Lesbók Morgunblaðsins*, 2. júlí, 1994.

<sup>9</sup> Sama heimild.

<sup>10</sup> Sama heimild.

nýjum áhuga á henni meðal listamanna. Hann skrifar um Snorra-Eddu og listina í hinni myndskreyttu Eddu sem nýtt hefur verið við gerð þessarar rigerðar:

Þessi vandaða útgáfa af Snorra Eddu - þeirri ómetanlegur frásögn sem er lykill að skilningi okkar á norrænni goðafræði - sem hér birtist, er ekki einungis safn af sögum um upphaf og endi veraldar samkvæmt fornri trú germanskra þjóðflokka . . . heldur einnig stórkostlegt safn af gömlum og nýjum listaverkum, eftir listamenn sem hafa orðið fyrir áhrifum við lestur þessa óviðjafnanlega snilldarverks bókmenntana.<sup>11</sup> . . . Á tímum sögulegs áhugaleysis eins og okkar samtíð ber merki um, þá er vissulega upplífandi að uppgötva þann áhuga og þá virðingu sem þessum fornu goðsögum er sýnd meðal starfandi listamanna. Þeir hika ekki við að tileinka þeim stórfengleg verk gerð af djarfri breidd og tæknilegri dýpt. Kannski er það besti vitnisburðurinn um lífseigt gildi Eddu.<sup>12</sup>

Hér á eftir verða tekin fyrir nokkur myndverk úr þessu riti sem er ágætasta yfirlit yfir þá listamenn sem hafa sótt innblástur í norræna goðafræði. Þessi leið er valin til að geta fundið samsvörun í verkum Kristínar og Gunnars í eldri verkum, skoðað hvað sé líkt eða ólíkt, því sjaldan sprettur sköpun úr tóminu einu og ný verk eru oft innblásin af einhverju eldra sem fyrir er. Því verður stiklað á stóru í gegnum listasöguna en verk Kristínar og Gunnars eru þó megin viðgansefnið hér.

Einn þeirra listamanna sem sótti í hinn norræna arf var Márten Eskil Winge (1825-1896), sænskur myndlistamaður sem lærði í Svíþjóð og í París, undir handleiðslu Thomas Couture og var undir áhrifum rómantísku stefnunnar sem ríkti í París frá upphafi 19. aldar.<sup>13</sup> Verkum Winge má líkja við verk Théodore Géricault<sup>14</sup> og Antione-Jean Gros.<sup>15</sup> Winge er einnig samtímamaður Richard Wagners sem samdi hinar fjórar óperur *Niflungahringsins* á þessum tíma, sem einnig eru sprottnar úr minnum norrænnar goðafræði.<sup>16</sup> Goðafræðin var Winge hugleikin og voru atriði úr Eddu hans helsta viðfangsefni.<sup>17</sup> Það má því gefa sér að Winge hafi verið sæmilega lesinn í Eddu. Olúmálverk eftir Winge, frá 1872, sýnir Þór berjast við jötna úr vagni sínum sem er dreginn af höfnum hans. Winge vinnur hér með dæmigerð hetjuminni þar sem Þór er unglegur, ljós yfirlitum

---

<sup>11</sup> Björn Jónasson, 2003:325.

<sup>12</sup> Sama rit, bls. 326.

<sup>13</sup> Sama rit, bls. 337.

<sup>14</sup> Karen Fitzpatrick (ritsjóri), *World Art, Essential Illustrated History*, Flame Tree Publishing, London, 2006, bls. 183.

<sup>15</sup> Sama rit, bls. 172.

<sup>16</sup> Heimasíða Wagner Operas, 25. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.wagneroperas.com/indexrheingold1.html>

<sup>17</sup> Björn Jónasson, 2003:337.



og fagur ásýndum. Hann er ljóshærður og skegglaus andstætt algengum hugmyndunum um hinn rauðhærða og skeggjaða Þór. Þannig sér danski myndskreytirinn, Peter Madsen, Þór fyrir sér í myndasögum sínum *Goðheimar*<sup>18</sup> og einnig Kristín Ragna í sínum myndverkum<sup>19</sup>. Þór er einnig rauðhærður hjá Gunnari.<sup>20</sup> Winge gæti hér verið að nýta lýsingar á Þór úr formála Snorra Eddu, þar sem Snorri afsakar skrif sín um heiðnina með því að kynna þær hugmyndir um að miklir konungar hafi verið settir í guðatölu eftir dauða sinn.<sup>21</sup> Í þessum formála segir:

Einn konungur er þar var nefndur Múnón eða Mennón. Hann átti dóttur höfuðkonungsins Príamí, sú hét Tróan. Þau áttu son. Hann hét Trór, er vér köllum Þór. . . . Svo var hann fagur álitum er hann kom með öðrum mönnum sem þá er fílsbein er grafið í eik. Hár hans er fegra en gull. Þá er hann var tólf vetra, þá hafði hann fullt afl.<sup>22</sup>



Mynd 1. Þór berst við jötna e. Winge.

Þessi texti Snorra lýsir hetjuefni sem Winge tekur traustum tókum. Þór er vöðvastæltur, ríkmannlega klæddur, girtur hinni einkennandi megingjörð. Winge virðist hér einnig vera undir áhrifum klassískra málverka síns tíma af grískum og rómverskum hetjum. Hann klæðir Þór rauðum serk, en rauður er litur ástríðu, lífskrafts, ofsa og stríðs<sup>23</sup> og oft kenndur við stríðsguði eins og Mars í rómverskri goðafræði.<sup>24</sup> Í belti Þórs birtist einnig fornt ták, swastika, nú til dags oftast kennt við hakakross Hitlers, en er í raun um 3000 ára gamalt sólarták sem er ták afls og styrks, karllægra einkenna.<sup>25</sup> Til að sveipa Þór norrænum brag hefur Winge lagt feld yfir axlir hans og sett hann í skinnskó, en loðskinn eru eitt einkenna víkinga í augum nútímamana.<sup>26</sup> Winge virðist hér þó ekki vera

<sup>18</sup> Sjá mynd 7 og 8.

<sup>19</sup> Sjá mynd 12.

<sup>20</sup> Sjá mynd 17.

<sup>21</sup> Heimir Pálsson, 2003:3.

<sup>22</sup> Sama rit, bls. 7.

<sup>23</sup> Adele Nozedar, *The Element Encyclopedia of Secret Signs and Symbols*, Harper Element, London, 2008, bls. 53.

<sup>24</sup> Sama rit, bls. 53.

<sup>25</sup> Sama rit, bls. 164.

<sup>26</sup> Thor Ewing, *Viking Clothing*, Tempus Publishing, Gloucestershire, 2007, bls.9.

upptekinn af hinum loðna barbara. Það má jafnvel hugsa sér að hér sé Winge að reyna að skapa hinn sanna Ás, sem er fremstur á meðal víkinga, guð sem er verðugur þess að vera hylltur af víkingum. Hann birtist hér sem dæmigerður maður af norrænum uppruna, ljóshærður og bláeygur. Hann er karlmennskan uppmáluð, sterklegur og miskunnarlaus. Ásatrú var jú trú víkinga<sup>27</sup> og því jafnvel rökrétt að sýna norræn goð í því ljósi, nefnilega sem víkinga.

Annað olíumálverk eftir Winge sýnir þegar Loki er bundinn rétt fyrir Ragnarök. Fjötrar hans eru garnirnar úr hans eigin syni, sem hafa síðan orðið að járni.<sup>28</sup> Sigyn, hans trygga eiginkona heldur uppi skál sem grípur eitrið sem drýpur úr kirtlum höggorms, sem er staðsettur beint fyrir ofan höfuð Loka. Í Snorra Eddu er Loka lýst: „. . .fríður og fagur sýnum, illur í skaplyndi, mjög



Mynd 2. Loki og Sigyn e. Winge.

fjölbreytinn í háttum.”<sup>29</sup> Hjá Winge er Loki myndarlegur en hið svarta hár og skegg og reiðilegur svipurinn bera með sér illt skaplyndið, svo hér virðist Winge sækja innblástur sinn beint í texta Snorra. Svarti liturinn ber oft neikvæða merkingu, verandi litur nætur og fjarveru ljóss og með myrkrinu fylgir illska.<sup>30</sup> Hjá Winge er Sigyn hins vegar með stóískan svip sem sést svo oft í trúartengdum myndum 19. aldar, sveipuð fínum klæðum með mjúkar línur. Blandaður við guddóminn er svo víkingabragurinn á skartinu hennar sem er úr gulli og silfri með útskornu slöngumynstri sem er einkennandi fyrir norrænt skart.<sup>31</sup>

Það var annar listamaður semlærði hjá Couture eins og Winge, en það var danski teiknarinn Lorenz Frølich (1820-1908).<sup>32</sup> Sögurnar af norrænu goðunum voru honum einnig hugleiknar og hann teiknaði margar myndi upp úr þeim, þó með öðrum aðferðum en Winge gerði. Dæmi eru teikningar hans af Þór og þrautunum sem hann er látinn leysa við hirð Útgarda-Loka, svo sem kappdrykkjuna, kattalyftuna og glímuna við sjálfa Elli kerlingu. Þótt Frølich hafi notið handleiðslu sama meistara og Winge, er list þeirra fremur ólík. Frølich hefur ekki fyrir því að sveipa persónurnar miklum klæðum eða skarti. Þær eru ekki einu sinni í skóm. Stæltir líkamar fá að njóta sín og

<sup>27</sup> Richard Cavendish, 1980:178.

<sup>28</sup> Heimir Pálsson, 2003:76.

<sup>29</sup> Sama rit, bls. 43.

<sup>30</sup> Adele Nozedar, 2008:48.

<sup>31</sup> Thor Ewing, 2007:61-69.


<sup>32</sup> Björn Jónasson, 2003:330.



Mynd 3. Kapphlaupið e. Frølich.



Mynd 4. Hornið e. Frølich.



Mynd 5. Kötturinn e. Frølich.

karlmenn eru síðhærðir með mikil skegg. Winge hefur sín goð vel snyrt en Frølich virðist nýta frekar hugmyndirnar um hina loðnu, hálfnöktu stríðsmenn. Frølich hefur gott vald á ljósi, skugga og myndbyggingu. Með trjám, jurtum og annarskonar náttúruyfyrirbrigðum, ramar hann inn aðalatriði myndarinnar. Í teikningum Frølich er Þór mikill burðum, enda er hann fremstur norrænna guða, sterkastur allra Ása og manna.<sup>33</sup> Teikningarnar myndu sóma sér vel í ævintýrabókum, skýrar og allt að kómískar, en flestar sögur Eddu af goðunum eru ansi skoplegar í augum nútímamanna, sér í lagi áður nefnd saga af Þór og þrautunum. Teikningar Frølich eru gæddar húmor, annað en verk Winge, sem eru gersneydd kímniáfu og sýna hin norrænu goð í allri sinni magnþrungnu dramatík.


Annar listamaður sem vann á svipaðan hátt og Frølich var Arthur Rackham (1867-1939). Hann var enskur teiknari sem nam við Lambeth School of Art hjá William Llewellyn. Rackham hlaut mikla reynslu á sviði myndskreytinga og er einna þekktastur fyrir myndskreytingar sínar við sígildar barnasögur og ævintýri, eins og Pétur Pan og Grimmsævintýri, sem hann vann fyrir Heinemann útgáfuna.<sup>34</sup> Verk hans einkennast því einkum af því að hafa ævintýralegan blæ og henta því vel í bækur sem börn hafa aðgang að. Það sést í vatnslitamyndum sem hann gerði af Loka í ljósum logum, í miðjum einhverjum af lævísu göldrum sínum, og svo Freyju þar sem hún stendur við ávaxtaré, auðkennd af tveimur köttum og fuglshami við fætur sér. Það er athyglisvert að Loki er, eins og hjá Winge, með hvassa höku og hökutopp. Þessi verk Rackhams, sérstaklega myndin af Freyju, hafa sakleysislegra yfirbragð en kemur fram hjá Winge og Frølich. Freyju má líkja við

<sup>33</sup> Heimir Pálsson, 2003:36.

<sup>34</sup> Björn Jónasson, 2003:335.



Mynd 6. Loki e. Rackham



Mynd 7. Freyja e. Rackham

viðkvæmt blóm þar sem hún stendur þarna ung og sakleysisleg, harla ólík hugmyndinni um hina kynþokka- og duttlungafullu seiðkonu, en þannig er henni einnig líst.<sup>35</sup> Sjá má líkindi í teiknistíl Rackham og Frølich en Rackham vinnur þó meira með dramatík á svipaðan hátt og Winge.


Öll þessi framangreindu verk eiga það sameiginlegt að vera komin úr Eddu Björns og Þóris. Þegar flett er í gegnum þá bók er dramatíkin allsráðandi. Atburðir sem er verið að lýsa eru háalvarlegir, tregafullir og stærstur meirihluti verkanna einkennast af drunga og alvöruhefni. Það má því áætla að þessi dramatík sagnanna í hinni norrænu goðafræði hafi verið helsti drifkraftur listamannanna fram að 20. öld. Undir lok 20. aldar virðast breytingar hafa orðið á og listamenn óhræddir við að sveipa persónurnar kímni. Peter Madsen (1958-), sem var nefndur hér áður í kaflanum um Winge er danskur teiknari sem hefur verið viðloðandi myndasöguheiminn frá 15 ára aldri.<sup>36</sup> Árið 1979 byrjaði hann á bókaseríunni *Goðheimar*<sup>37</sup> (sem á frummálinu kallast *Valhalla*) þar sem hann gerir sögum Eddu skil í myndasöguformi. Madsen hefur unnið til fjölda verðlauna fyrir myndskreytingar sínar og bækurnar hans um Goðheima hafa verið gefnar út á ellefu tungumálum. Sem myndasöguhöfundur teiknar Madsen skoplega karaktera, með skýrum línunum og litum, sem sjást hér í bókakápum myndasagna hans. Sést hvernig goðin fá ýkt einkenni, eins og Þór, sem er breiður, vissulega karlmannlegur eins og hjá Winge, en loðinn og með stórt nef og tekur sig

---


<sup>35</sup> Glósur úr námskeiði hjá Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur um sýningu hennar í Gerðubergi, unnin upp úr Völuspá, Gerðubergi, 15. og 17. nóvember. 2010.

<sup>36</sup> Heimasíða Peter Madsen, „Biography“ 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.petermadsen.info/pages/biografi/biography.html>

<sup>37</sup> Heimasíða Peter Madsen, „Valhalla“ 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://petermadsen.info/pages/vh/valhalla-eng.html>



Mynd 8. Þór og Loki.



Mynd 9. Þór meðal jötna.



Mynd 10. Freyja.



Mynd 11. Baldur.

óneitanlega hlægilega út í kjól, sveipaður svolitlum húmor eins og hjá Frølich. Loki er svarthærður með hökutopp, alveg eins og hjá Winge og Rackham, með sitt lævislega bros og lymskulegt augnaráð. Óðinn er með liðað sitt grátt hár, sitt skegg og er slægur í útliti, hávaxinn, grannur og eineygður. Virðist Madsen þar nýta staðalform galdramannsins sem er síðhærður með grátt skegg. Freyja er fögur með stór augu, þrýstnar varir og mikið gyllt hár. Virðist Madsen blanda saman hugmyndum um útlit goðanna, með því að flétta inn grískum og rómverskum áhrifum sem sést til dæmis á vængjuðum hjálmi Heimdalls. Baldur hefur prinsalegt útlit, með ljóst og snyrtilegt hár, fríðastur Ása. Textinn í bókum Madsens er skrifaður á nútímamáli og leyfir Madsen sér að skjóta inn bröndurum á vel völdum stöðum og eykur þannig dýpt persónanna með því að lýsa því hvernig þær haga sér í ýmsum kringumstæðum sem koma ekki fram í Snorra Eddu.<sup>38</sup>

### Um verk Kristínar Rögnu Gunnarsdóttur og Gunnars Karlssonar

Eins og sést hér á undan hefur goðafræðin haft áhrif á listamenn á Norðurlöndunum í gegnum söguna og áhugavert að skoða hina mismunandi stíla og túlkanir. Ákveðin þróun virðist hafa átt sér stað ef hin gömlu verk Winge eru borin saman við nútíma myndlýsingar Madsen. Winge sveipar guðina dýrðarljóma og mynd hans af Þór er ógnvekjandi og aðdáunarverð í senn. Í gegnum tíðina virðast listamenn hafa dempað aðeins ógnvænlegan hetjubjarmann og bætt við kómískum eiginleikum sem auðveldara er að tengjast, og í leiðinni gert lýsingarnar barnvænni. Það er þetta kómíska og barnvæna sem Kristín og Gunnar sækja í, enda markmið þeirra beggja að stuðla að aukinni forvitni barna á þessu efni, og láta hina fullorðnu sigla í kjölfarið.<sup>39</sup>

Kristín hefur getið sér gott orð sem myndskreytir barnabóka. Það byrjaði allt árið 1994 þegar hún var fengin til að vinna myndir fyrir bók sem Mál og menning var að gefa út á nokkrum

<sup>38</sup> Peter Madsen, *Valhalla 8 - Frejas smykke*, Carlsen Comics, Kaupmannahöfn, 1991.

<sup>39</sup> Viðtal höfundar við Gunnar Karlsson, 3. desember, 2010 og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, 2010

tungumálum. Bókin var í vasabroti og innihélt frumtexta Völuspár ásamt endursömdum texta Þórarins Eldjárns.<sup>40</sup> Kristín og Þórarinn hófu samstarf sem gat af sér myndabókina *Völuspá*, sem Mál og menning gaf út árið 2005.<sup>41</sup> Myndirnar voru sýndar í Gallerý Sævars Karls og þá sýningu sótti fjöldi skólabarna. Árið 2008 vann Kristín með Ingunni Ásdísardóttur að bókinni *Örlög guðanna*, þar sem Ingunn endurskrifaði nokkrar þekktustu sögur norrænnar goðafræði og Kristín myndgerði.<sup>42</sup> Fyrir þá bók fékk Kristín Dimalimm myndskreytiverðlaunin.<sup>43</sup> Í kjölfarið fylgdu sýningar sem Kristín vann í samstarfi við ýmsa aðila, má þar nefna sýninguna „Urðarbrunnur“ sem hún vann með Ingunni fyrir ferðamenn og svo sýningu sem var unnin í samstarfi við ýmsa listamenn og listnema fyrir Gerðuberg, „Ormurinn ógnarlangi“ sem opnaði 31. október 2010 og stendur fram í mars 2011. Þar geta börn og fullorðnir gengið inní þennan litríka heim og kynnt sér sögurnar á líflegri máta en maður á að venjast. Þegar Kristín er spurð út í aðdraganda sýningarinnar segist hún lengi hafa haft áhuga á norrænni goðafræði og fannst vanta efni sem væri aðgengilegt börnum og unglingum, svo að þeir fengju að kynnst þessum heimi á auðveldan og skemmtilegan hátt, en ljóðamálið í *Völuspá* getur verið torskilið yngri kynslóðinni. Þessari sýningu er einna helst beint til barna þótt fullorðnir myndu án efa hafa mikið gagn og gaman af að skoða hana.

Kristín hefur mikinn áhuga á notkun myndmáls sem frásagnamiðil og í hinum norrænu goðsögnum er að finna kraft, andstæður, dramatík, húnor og fjölbreytt persónugallerý.<sup>44</sup> Einnig er merkilegt að hennar mati að skoða hvernig efni goðsagnanna kallast á við samfélag okkar í dag.

Breyskleiki manna, græðgi, svik og stríð eru spegluð í þessum sögum en líka ástríður og sköpunarkraftur.<sup>45</sup> Að baki verka Kristínar liggur gífurleg rannsóknarvinna og efnissöfnun en Kristín notast við svokallaðan klippimyndastíl (collage) og nýtir sér allskonar efni í verkum sínum, eins og málningarklessur, þrykk og alls kyns náttúrulegar áferðir, allt sem hún getur skannað eða ljósmyndað og unnið með í tölvu og blandar þannig saman handavinnu og tölvuvinnu. Kristín leitast við lagskiptingu í verkum sínum, það er að myndirnar henti sem flestum aldurshópum.



Mynd 12. Fenrisúlfr gleypir Óðinn. Texti og myndir vinna saman í að mynda eina heild.

<sup>40</sup> Eddukvæði, *Völuspá í sinni fornu gerð og endursögn Þórarins Eldjárns*, Mál og menning, Reykjavík, 1994.

<sup>41</sup> Þórarinn Eldjárn, *Völuspá*, Mál og menning, Reykjavík, 2005.

<sup>42</sup> Ingunn Ásdísardóttir, *Örlög guðanna*, Mál og menning, Reykjavík, 2008.

<sup>43</sup> Heimasíða Gerðubergs, 20. janúar, 2011. Vefslóð: [http://gerduberg.is/desktopdefault.aspx/tabid-3685/5623\\_view-4037/](http://gerduberg.is/desktopdefault.aspx/tabid-3685/5623_view-4037/)

<sup>44</sup> Kristín Ragna Gunnarsdóttir, 2010.

<sup>45</sup> Sama heimild.

Þannig ættu börn að skilja hvað er að gerast á myndunum en þau sem eldri eru gætu jafnvel lesið ekki jafn augljósa og dýpri merkingu, sem þar af leiðandi dýpkar skilning þeirra á efninu.<sup>46</sup> Hennar skoðun er sú að myndir eigi ekki að styðja við texta, heldur eiga þær að vera jafn mikilvægur þáttur í að miðla sögunni og textinn. Texti í myndabókum er þar af leiðandi frábrugðinn texta í öðrum bókum að því leyti að ekki þarf að skrifa í textann minnstu smáatriðin sem koma fram í myndunum. Lesa má úr litunum, myndbyggingu, líkamsstöðu og stærð persónanna hvernig tilfinning er ríkjandi hverju sinni og hvernig sögupersónum líður.<sup>47</sup> Þannig vinnur hún verk sín, texti og myndir eru óaðskiljanlegir þættir í heildinni.



Mynd 13. Þrumuguðinn Þór.



Mynd 14. Loki hinn lævisi.



Mynd 15. Loki bundinn.

Borin saman við verk listasögunnar má finna ýmsar tengingar. Líkindi eru með Kristínu og Winge í nokkrum atriðum eins og hin magnþrungna stelling Þórs þar sem hann stendur í vagninum sínum með hamarinn hátt á lofti. Þetta er mynd sem birtist flestum í hugskotssjónum þegar Þór er nefndur, hvernig hann stendur í vagninum sínum með Mjölni reiddan til höggs. Kristín er hins vegar ekki eins dramatísk og Winge og gæðir Þór blæ sem gerir hann bráðan en á skoplegran hátt, líkt og Madsen gerir, með því að sveigja andlitshlutföll og ranghvolfa í honum augunum. Athugavert er einning hvernig Kristín setur upp textann og lætur hann vera hluta af myndinni eins og hún gerir hér í myndinni af Þór, þar sem textinn, ef horft sé á hann sem eitt form, lítur út eins og elding innan um þrumuskýin. Þegar kemur að Loka, teiknar Kristín hann á svipaðan hátt og Winge og Madsen, sjarmerandi, með mjóa höku, svart hár og skegg, eitthvað sem virðist loða við nútíma ímynd hins slæma stráks, sem hefur útlitið með sér en innrætið ekki. Þótt að Loki komi Ásum oft úr vandræðum eru það yfirleitt vandræði sem hann sjálfur olli til að byrja með. Í túlkun Kristínar á atriði Loka og Sigyn, lætur hún hið illa innræti Loka sjást með því að teikna hann allan svartan með horn, og vitnar þar í hina almennu hugmynd manna um útlit illra púka eða jafnvel Djöfulsins sjálfs. Hann er bundinn við stein með rauðum höftum en þar er að sjálfsögðu verið að vitna í að hann hafi

<sup>46</sup> Sama heimild.

<sup>47</sup> Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Samspil mynda og texta“, *Börn og menning*, 1. tbl., 19. árg., 2004, bls.6.



Mynd 16. Óðinn blæs lífi í Ask og Emblu.



Mynd 17. Óðinn og Mímisbrunnur.

verið fjötraður með görnum síns eigin sonar, en það er óþarfi að fara of nákvæmlega í það atriði, og liturinn látinn nægja. Kristín teiknar Óðinn, eins og tíðkast, með mikið grátt skegg, sem undirstrikar aldur hans, en með aldri fylgir oft viskan. Í myndinni þar sem hann blæs lífi í Ask og Emblu, ber hann gullinn hjálm á höfði og gullhring á arminum, og má gera ráð fyrir því að þar sé hringurinn Draupnir. Einnkennandi fyrir Óðinn eru svo hrafnar hans, Huginn og Muninn, og spjótið Gungnir.<sup>48</sup> Í stað hjálmsins í næstu mynd er komin uppmjór hattur, oft kenndur við galdramenn enda er hér verið að myndlýsa því þegar Óðinn vill öðlast meiri visku og verða flinkari í fjölkynngi. Kristín notar liti til að tákna persónur sínar og hún nýtir mikið bláan og gylltan í Óðni sem eru konunglegir litir. Sá blái tengist visku og eilífð<sup>49</sup> og sá gyllti tengist valdi, gáfum og ódauðleika.<sup>50</sup> Þannig vinnur hún með litasamsetningar og form til að tákna persónur og atburði, frekar en að teikna hvert smáatriði sem Frølich og Rackham

gera. Það má segja að nútíminn sé umburðarlyndari þegar kemur að listsköpun, Kristín leikur sér hér með persónur og atburði og virðist frekar aðhyllast hún heldur en hina rómantísku og dramatísku hugmyndir um hina fögru, ljósu og hraustu hetju sem berst við ferleg, dökk illmenni.

Þar komum við að Gunnari, sem er bundinn ákveðnum óskrifuðum reglum þegar kemur að persónusköpun enda er vettvangur hans annar en Kristínar, nefnilega kvikmyndin. Gunnar er lærður listmálari og hefur lengi haft áhuga á norrænni goðafræði. Með það fyrir stafni að nýta sér tölvu-tæknina í myndlistinni fór svo að hann stofnaði fyrirtækið CáoZ sem hefur gert það gott á sviði tölvugerðra teiknimynda en nýjasti afraksturinn er mynd í fullri lengd um Þrumuguðinn Þór þar sem Gunnar er einn leikstjóra og aðal útlitshönnuður. Það sem gerir myndina hins vegar sérstaka er að hún segir ekki beint sögur úr Eddunni eins og þær koma þar fram, heldur eru spunnar nýjar sögur, ný ævintýri, fyrir Þrumuguðinn Þór, sem í myndinni er á unglingsaldri. Var það ætlan þeirra sem að myndinni koma að í stað þess að reyna að myndgera þennan heim, nýta þeir sér minni sagnanna í

<sup>48</sup> Heimir Pálsson, 2003:78

<sup>49</sup> Adele Nozedar, 2008:48.

<sup>50</sup> Sama rit, bls. 56.





Mynd 18. Þór

gerð persóna og umhverfis og skapa þannig nýjan heim sem auðveldara er að miðla sjónrænt.<sup>51</sup> Gunnari finnst mikilvægt að þessi arfur sé aðgengilegur börnum enda stór partur menningararfleifðar okkar þaðan kominn. Spurður út í aðdraganda verkefnisins segir Gunnar:

„Mér fannst það halla töluvert á íslenska menningu þegar ég komst að því að synir mínir þekktu flesta guði í grískri goðafræði en höfðu varla heyrt minnst á Þrumuguðinn Þór. Þá fannst mér tími til kominn að gera eitthvað í málunum.“<sup>52</sup>

Persónur Gunnars eru vel fallnar að miðlinum, þ.e. sem tölvuteiknimynd og goðin eru svolítið mótuð af hinum bandarísku persónuhugmyndum um útlit söguðersóna. Ekki er erfitt að sjá sammerki með til dæmis teiknimyndinni um

Herkúles sem Disney gaf út árið 1997.<sup>53</sup> Þór er ungur og stendur beinn og sperrtur, með arma krosslagða yfir brjóstkassann og horfir glaðlegur framan í áhorfandann. Hann býr ekki yfir þeirri þrúgandi karlmennsku sem Þór Wings hefur til að bera en er vinalegur og mjúkur. Hann er hetja í vinnslu, ekki ólíkt sjálfum Herkúlesi sem, þrátt fyrir að vera af guðlegum ættum, þurfti að alast upp í mannheimum. Þeir eru meira að segja báðir rauðhærðir.

Báðir lenda þeir í ýmsum skoplegum ævintýrum, sérstaklega á þeim tíma sem þeir eru að uppgötva sína eigin hæfileika og læra að nýta sér það sem þeir hafa til brunns að bera. Þessum tíma í lífi Þórs er aldrei líst í Eddu. Flestar hetjur eiga einn traustan vin og Þór

nýtur félagsskapar af sínu trausta vopni, hamrinum sem í kvikmyndinni fær nafnið Crusher.<sup>54</sup> Herkúles nýtur aðstoðar lærimeistara síns Phil og fáksins fljúgandi, Pegasus. Engin teiknimynd er án kvenhetju og er Freyja, gyðja ástar, fegurðar og frjósemi,<sup>55</sup> tilvalin í það hlutverk. Í túlkun Gunnars er nýst við nútíma hugmyndir um fegurð kvenna, augun eru stór, hálflykt og seiðandi, varirnar eru litsterkar og þrýstnar, mittið er mjótt og leggirnir lögulegir. Freyja fer þó einnig fyrir valkyrjum



Mynd 19. Herkúles



Mynd 20. Freyja

<sup>51</sup> Gunnar Karlsson, 2010.

<sup>52</sup> Gunnar Karlsson, 2011.

<sup>53</sup> Ron Clements, *Hercules*, Walt Disney Pictures, 1997.

<sup>54</sup> Heimasíða Legends of Valhalla - Thor, 4. des, 2010. Vefslóð: [www.legendsofvalhalla.com](http://www.legendsofvalhalla.com)

<sup>55</sup> Heimir Pálsson, 2003:39.

og er oft duttlungafull í skapinu. Hún getur verið hörð í horn að taka ef hún vill og er hér hjá Gunnari íklædd gylltri og blárrí brynju, sem er engin tilviljun enda gylltur og blár konunglegir litir eins og áður hefur komið fram. Gunnar ákveður að nota hér valkyrjuna Freyju, andstætt til dæmis Madsen sem notar ástargyðjuna Freyju, með sitt síða gyllta hár alsett blómum, gyðjan sem klæðist léttum kjólum á daginn, en sefur nakin á nóttunni.<sup>56</sup> Megara, kvenhetja Herkúles er ekki ósvipuð Freyju, föngulegt fljóð sem er ekki öll þar sem hún er séð, skörp og harðari í sér en hún lítur út fyrir að vera. Í flestum teiknimyndum er einnig föðurímynd. Hjá Gunnari er Óðinn föðurlegur en ekki sá ógnvænlegi



Mynd 21. Megara



Mynd 22. Óðinn

höfðingi og galdramaður eins og honum er líst í Eddukvæðunum. Hin ógnvænlega og slæga hlið Óðins sést best í sögunum af því hvað hann leggur á sig til að öðlast sífellt meiri mátt og þekkingu. Hann lætur eftir annað augað til að drekka af viskubrunni Mímis, hann beitir vélbrögðum til að öðlast skáldamjöd Suttungs jötuns, og hrafnar hans, Huginn og Muninn bera í hann fréttir úr heimum manna, jötna og Ása.<sup>57</sup> Hann er aldinn, og Gunnar túlkar hann hér, eins og Kristín og Madsen gera, með grátt skegg og bústna augabrýn, þó sýndur með bæði augu. Þarna er athyglisvert að sjá að Gunnar víkur hér frá einu af aðaleinkennum Óðins, sem er að vera eineygður. Hann er íhugull á svip en ber hökuna hátt, ekki er að því hlaupið að vera æðstur Ása og ráða yfir Goðheimum. Óðinn Gunnars er góðlegur í samanburði við til dæmis túlkun Madsen, en hjá honum er Óðinn hár og grannur, með sítt

grátt hár og sítt grátt skegg sem sveipar hann myrkri dulúð. Svo virðist því sem Gunnar sé ekki að vinna hér með eineygða galdramanninn Óðinn, eins og Kristín og Madsen gera, heldur er Gunnar hér að vinna með konunginn Óðinn, og er hann, eins og Freyja, klæddur í gyllt og blátt. Borinn saman við Seif í túlkun Disney má sjá sammerki, en þeir bera báðir þennan tigna svip visku og valds sem svo oft er tengdur við hin gráu hár. Það má auðvitað ekki gleyma illmenninu en Hel fær það skemmtilega hlutverk. Hel Gunnars er hið dæmigerða illmenni, stendur hokin og fúl á svip, með föla húð og fölblátt hár sem gefur henni þennan kalda blæ sem einkennir sjálfa drottningu



Mynd 23. Seifur

<sup>56</sup> Peter Madsen, 1991:31

<sup>57</sup> Heimir Pálsson, 2003.



Mynd 24. Hel

undirheima. Hér erum við ekki með hinn konunglega bláa lit, heldur hinn kalda og ójarðneska bláa lit. Snorri lýsir Hel svo: „Hún er blá hálf en hálf með hörundarlit. Því er hún auðkennd og heldur gnúpleit og grimmileg.“<sup>58</sup> Gunnar fer alla leið og undirstrikar kuldann með því að hafa hana fölbláa og íklædda skæðilegri brynju. Í Herkúles er Hades guð undirheimanna og sömu sögu má segja af útliti hans, húðin er grá, augun gul og í stað hárs á höfði leika þar bláir logar, sem undirstrika kuldann og myrkrið sem ríkir í undirheimum beggja menningarheima. Þar má því sjá að kvikmyndirnar um Þór og Herkúles eru svipaðar að því leytinu til að báðar grípa í sögur af goðafræði, Þór úr hinni norrænu, Herkúles úr hinni grísku. Áherslan er ekki lögð á að segja sagnfræðilega rétt og satt frá atburðum eða lýsa persónum nákvæmlega, heldur er meira gert úr því að kynna persónur létt til sögunnar og

skapa í kringum þær ævintýri byggða á reglum um góð skrif, það er, með upphaf, stíganda, miðju, topp og endi. Markmiðið er að þjóna áhorfandanum og hugsa þarf um skemmtanagildið sem og gera efnið barnvænt. Það er ýmislegt í hinni norrænu og grísku goðafræði sem ætti aðeins heim í efni bönnuðu innan átján ára svo vanda þarf valið ef kvikmyndir eins og *Herkúles* og *Legends of Valhalla* eru í bígerð, þar sem börn eru markhópur. Þannig reynir Gunnar að notast við minni í sögum Snorra Eddu.<sup>59</sup> Hann tekur atriði sem skipta máli en blandar þeim við annað sem á ekki við rök að styðjast í Eddu, í þágu miðilsins. Gunnar nefnir einnig að heimurinn í Völuspá sé abstrakt, sögurnar innihalda mótsagnir og eiginlegur tími virðist ekki vera til staðar og því kannski erfitt að gera honum nákvæm skil í kvikmynd sem þessari, án þess að nýta nokkra útúrdúra.<sup>60</sup>



Mynd 25. Hades

### Samanburður á verkum Kristínar og Gunnars

Ef Gunnar og Kristín eru borin saman sést hversu ólík nálgun þeirra er. Gunnar vinnur meira með poppkúltur þegar kemur að útliti og hönnun persónanna og umhverfis þeirra. Hjá Kristínu veگا form og litir meira en eiginlegar útlínur og neikvætt rými er jafn mikilvægt og jákvætt. Hún er þó trú sögunum í Eddu og vinnur mikið með tákni sem einkenna persónurnar, Óðinn sést alltaf með

<sup>58</sup> Sama rit, bls. 43.

<sup>59</sup> Gunnar Karlsson, 2010.

<sup>60</sup> Sama heimild.

hringinn Draupni, Þór með hamarinn sinn, Freyja með Brísingarmen og svo framvegis. Bók Kristínar og Ingunnar, *Örlög guðanna*, er dæmi um velheppnaða bók hvað varðar samspil mynda og texta sem gerir goðsögurnar svo auðskiljanlegar. Erna Erlingsdóttir íslenskufraeðingur fer fögrum orðum um *Örlög guðanna* og segir að „Bæði myndirnar og textinn einkennast af kunnáttu húmor og hugkvæmni og hvort tveggja þolir vel að vera skoðað aftur og aftur - og svo nokkrum sinnum í viðbót.“<sup>61</sup> Styrkleiki Kristínar felst í þekkingu hennar á sögunum og efninu enda hefur hún unnið með það í mörg ár. Gunnar fer aðrar leiðir í framsetningunni en það skal ekki rekja til vankunnáttu á efninu, síður en svo. Tekur hann sér aðeins listamannsleyfi, eins og Madsen og Disney, til að gera sögunum betur skil og auðvelda flæðið í því formi sem lagt er upp með, nefnilega kvikmynd sem fjallar um þroska ungs manns, um leið hans frá hallæri í hetju, þar sem nýtt eru persónur og minni í norrænni goðafræði, rétt eins og í Disney nýtir gríska goðafræði í teiknimyndinni Herkúles. Persónum goðafræðinnar er hér steipt í ákveðin mót sem hafa þróast síðan byrjað var að framleiða teiknimyndir í hinum vestræna heimi. Við höfum hér ungu og ólíklegu hetjuna, fagra kvenpersónu, vitra föðurímynd og illmenni, sem er augljóslega illmenni. Eins og áður sagði er markmið Gunnars ekki að myndlýsa Eddu eins og hún er skrifuð, heldur aðeins að minna á norræna goðafræði og auka áhuga fólks á að kynna sér efnið betur. Áhugavert er að bæði Gunnar og Kristín vinna með víkingaminnið eins og listamenn fyrri tíma. Hinir norrænu guðir klæðast því sem áætlað sé að víkingar hafi klæðst fyrr á öldum, því eins og nefnt var áður í kaflanum um Winge, var norræn goðafræði trúarbrögð víkinga. Þótt það finnist hópar sem aðhyllast Ásatrú í dag, er hún ekki viðurkennd þjóðartrú og haldið er því í víkingaarfinn þegar kemur að því að myndlýsa hinni fornu trú. Fólk ræki að minnsta kosti upp stór augu ef Þór væri komin í nýtísku hlaupaskó, eða Loki í jakkaföt, (þótt það gæti verið afar áhugaverð nálgun). Gunnar og Kristín nálgast hér efnið af vissri virðingu og þótt aðferðirnar séu mjög ólíkar eru þau að vinna að því sama, nefnilega að auka áhuga og forvitni almennings, þá sérstaklega barna, á norrænni goðafræði því hún eru svo stór hluti af menningu okkar Íslendinga.<sup>62</sup>

## Lokaorð

Eins og hér hefur verið dregið fram hefur ýmislegt sprottið upp af hinni norrænu goðafræði. Eins ólík og verkin eru, sem fjallað hefur verið um, má samt finna tengingar og virðast ákveðnar hugmyndir um útlit goðanna loða við þær, hvort sem þær eru túlkaðar af 19. aldar listmálara eins og Winge eða 21. aldar tölvumyndlistamanni eins og Gunnari. Framsögnin hefur vissulega þróast,

<sup>61</sup> Erna Erlingsdóttir, „Goðheimar“, *Börn og menning*, 2. tbl., 23. árg., 2008, bls. 29.

<sup>62</sup> Gunnar Karlsson. 2010 og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, 2010.

dramatíkin hefur vikið fyrir húmor en undir niðri kraumar þessi sameiginlega tilhneiging til að sýna goðin eins og hægt sé að ímynda sér að víkingar hafi litið út.

Verk unnin upp úr norrænni goðafræði eru þó ekki eins mörg og ætla má. Lítið er til af efni frá því fyrir 18. öld en Gunnar nefnir að skýringuna á því megi meðal annars rekja til þess að þekkingin á norrænni goðafræði einskorðaðist nær aðeins við Norðurlönd og einfaldlega ekki nógu margir listamenn á Norðurlöndunum til að heiðra þessi fornu trúarbrögð.<sup>63</sup> Að sama skapi er það efni sem til er í dag takmarkað og ill aðgengilegt börnum. Dansverk og leikrit eru aðeins sýnd í takmarkaðan tíma. Tónverk án texta þjóna þeim, sem aldrei hafa lesið sér til um norræna goðafræði, litlum tilgangi. Textar Völuspár í Snorra Eddu eru flóknir en það á ekki að vera afsökun fyrir því að kynna ekki norræna goðafræði fyrr en á framhaldsskólaaldri, í ljósi hversu auðvelt er að gera hana skemmtilega og aðgengilega, eins og verk Kristínar og Gunnars sanna. Kristín nefnir að þrátt fyrir litla notkun á þessu efni hér áður fyrr, virðist vitundarvakning hafa átt sér stað á undanförunum áratug og aukinn áhugi virðist vera á að vinna með það meðal listamanna. Æ fleiri verk líta dagsins ljós og nefna má dæmi, ef undanskilin eru verk Kristínar og Gunnars, uppsetningu Íslenska dansflokksins og Sinfóníuhljómsveitar Íslands á tónverkinu *Baldur* eftir Jón Leifs árið 2000,<sup>64</sup> ljóðabók Gerðar Kristnýjar: *Blóðhófnir*,<sup>65</sup> túlkun Pálínu Jónsdóttur leikkonu á Völuspá í sýningunni Völva,<sup>66</sup> bækurnar sem Friðrik Erlingsson hefur gefið út í tengslum við kvikmynd Gunnars,<sup>67</sup> og að lokum bókin *Svar við bréfi Helgu*<sup>68</sup> sem kom út fyrir jólin 2010 en þar er ítrekað vitnað í Hávamál.<sup>69</sup> En margt má gera til viðbótar. Fjölskylda höfundar bíður að minnsta kosti eftir epískum kvikmyndaþrífleik á borð við Hringadróttinssögu Tolkiens, en hann nýtti einmitt ýmislegt út norrænni goðafræði í verkum sínum.<sup>70</sup>

Nú má varpa fram þeirri spurningu hvort það sé vit í því að endurvekja og/eða vinna með svona gamalt efni og hvort það eigi erindi við fólk í dag. Mat höfundar er: vissulega. Öll menningarsamfélög eiga sínar sögur, sínar mýtur og sín sagnaminni. Það mun alltaf vera mikilvægt að

<sup>63</sup> Gunnar Karlsson, 2010.

<sup>64</sup> Heimasíða Classical Archives, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.classicalarchives.com/work/626035.html>

<sup>65</sup> Gerður Kristný, *Blóðhófnir*, Mál og menning, Reykjavík, 2010.

<sup>66</sup> Heimasíða Þjóðleikhússins, „Leikárið 2009-2010: Völva“ 7. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.leikhusid.is/Syningar/Leikarid-2009-2010/syning/983/Volva>

<sup>67</sup> Friðrik Erlingsson, *Þór - leyndarmál guðanna*, Veröld, Reykjavík, 2010.

<sup>68</sup> Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, Bjartur, Reykjavík, 2010.

<sup>69</sup> Kristín Ragna Gunnarsdóttir, 2011.

<sup>70</sup> David Day, *Tolkien's Ring*, Pavilion Books Ltd, London, 2001, bls 29-36.

viðhalda þeirri þekkingu til að geta áttað sig á lífnaðarháttum fyrri tíma sem og að skilgreina okkar samfélag í dag. Má í því efni taka undir orð Dr. Halldórs Björns Runólfssonar og Hauks Halldórs-sonar í upphafi ritgerðarinnar. Íslenskir málshættir, orðatiltæki, götunöfn, mannanöfn og hátíðir rekja uppruna sinn í norræna goðafræði og það ætti að vera Íslendingum hugleikið að kunna skil á þessu efni. Bæði Gunnar og Kristín eru á þessari skoðun og eru þau sannfærð um að þau muni reyna að halda áfram að vinna með norræna goðafræði í framtíðinni<sup>71</sup> og halda við þessum menningarverðmætum.

---

<sup>71</sup> Gunnar Karlsson, 2010 og Kristín Ragna Gunnarsdóttir, 2010.

## Heimildir

Bergsveinn Birgisson, *Svar við bréfi Helgu*, Bjartur, Reykjavík, 2010.

Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003.

Cavendish, Richard (ritstjóri), *Mythology: An Illustrated Encyclopedia*, Orbis Publishing Ltd., London, 1980.

Clements, Ron, *Hercules*, Walt Disney Pictures, 1997.

Davidson, H.R. Ellis, *Viking & Norse Mythology*, Chancellor Press, London, 1994.

Day, David, *Tolkien's Ring*, Pavilion Books Ltd, London, 2001.

Eddukvæði, *Völuspá í sinni fornu gerð og endursögn Þórarins Eldjárns*, Mál og menning, Reykjavík, 1994.

Erna Erlingsdóttir, „Goðheimar“, *Börn og menning*, 2. tbl., 23. árg., 2008.

Ewing, Thor, *Viking Clothing*, Tempus Publishing, Gloucestershire, 2007.

Fitzpatrick, Karen (ritstjóri), *World Art, Essential Illustrated History*, Flame Tree Publishing, London, 2006.

Friðrik Erlingsson, *Þór - leyndarmál guðanna*, Veröld, Reykjavík, 2010.

Gerður Kristný, *Blóðhófnir*, Mál og menning, Reykjavík, 2010.

Glósur úr námskeiði hjá Kristínu Rögnu Gunnarsdóttur um sýningu hennar í Gerðubergi, unnin upp úr Völuspá, Gerðubergi, 15. og 17. nóvember. 2010.

Gunnar Karlsson, tölvupóstur til höfundar, 21. janúar, 2011.

Haukur Halldórsson, „Ég er mistækur listamaður með mörg járn í eldinum“ [Viðtal] *Lesbók Morgunblaðsins*, 2. júlí, 1994. (Greinina er hægt að lesa í heild sinni á netinu, vefslóð: [http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein\\_id=144729](http://www.mbl.is/mm/gagnasafn/grein.html?grein_id=144729))

Heimasíða Classical Archives, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.classicalarchives.com/work/626035.html>

Heimasíða Gerðubergs, 20. janúar, 2011. Vefslóð: [http://gerduberg.is/desktopdefault.aspx/tabid-3685/5623\\_view-4037/](http://gerduberg.is/desktopdefault.aspx/tabid-3685/5623_view-4037/)

Heimasíða Internet Movie Database, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.imdb.com/title/tt0119282/mediaindex>

Heimasíða kvikmyndarinnar Legends of Valhalla - Thor, 4. des, 2010. Vefslóð: [www.legendsofvalhalla.com](http://www.legendsofvalhalla.com)

Heimasíða Peter Madsen, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.petermadsen.info>

Heimasíða Þjóðleikhússins, „Leikárið 2009-2010: Völva“. 7. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.leikhusid.is/Syningar/Leikarid-2009-2010/syning/983/Volva>

Heimasíða Wagner Operas, 25. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.wagneroperas.com>

Heimir Pálsson (ritsjóri), *Snorra Edda*, Mál og menning, Reykjavík, 2003.

Ingunn Ásdísardóttir, *Örlög Guðanna*, Mál og menning, Reykjavík, 2008.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Samspil mynda og texta“, *Börn og menning*, 1. tbl., 19. árg., 2004.

Kristín Ragna Gunnarsdóttir, tölvupóstur til höfundar 7. janúar, 2011.

Madsen, Peter, *Valhalla 8 - Frejas smykke*, Carlsen Comics, Kaupmannahöfn, 1991.

Madsen, Peter, *Goðheimar 1 - Úlfurinn bundinn*, Guðni Kolbeinsson íslenskaði, Forlagið, Reykjavík, 2010.

Nozedar, Adele, *The Element Encyclopedia of Secret Signs and Symbols*, Harper Element, London, 2008.

Viðtal höfundar við Gunnar Karlsson, 3. desember, 2010.

Þórarinn Eldjárn, *Völuspá*, Mál og menning, Reykjavík, 2005.



## Myndaskrá

Mynd 1. Mártin Eskil Winge, „Þór berst við jötna“, 1872, mynd fengin úr: Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003. bls. 94

Mynd 2. Mártin Eskil Winge, „Loki og Sigyn“, ódagsett, mynd fengin úr: Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003. bls. 209

Mynd 3. Lorenz Frølich, „Kapphlaupið“, ódagsett, mynd fengin úr: Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003. bls. 166

Mynd 4. Lorenz Frølich, „Hornið“, ódagsett, mynd fengin úr: Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003. bls. 168

Mynd 5. Lorenz Frølich, „Kötturinn“, 1895, mynd fengin úr: Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003. bls. 171

Mynd 6. Arthur Rackham, „Loki“, ódagsett, mynd fengin úr: Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003. bls. 275

Mynd 7. Arthur Rackham, „Freyja“, ódagsett, mynd fengin úr: Björn Jónasson (ritstjóri), *Edda*, Iðunn, Reykjavík, 2003. bls. 276

Mynd 8. Peter Madsen, „Ulven er løs“, 1979, mynd fengin af heimasíðu Peter Madsen, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://petermadsen.info/pages/vh/vh1/valhalla1-forside.html>

Mynd 9. Peter Madsen, „Thors bruddefærd“, 1980, mynd fengin af heimasíðu Peter Madsen, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://petermadsen.info/pages/vh/vh2/valhalla2-forside.html>

Mynd 10. Peter Madsen, „Frejas smykke“, 1992, mynd fengin af heimasíðu Peter Madsen, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://petermadsen.info/pages/vh/vh8/valhalla8-forside.html>

Mynd 11. Peter Madsen, „Balladen om Balder“, 2006, mynd fengin af heimasíðu Peter Madsen, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://petermadsen.info/pages/vh/vh13/forsideillustr-vh13.html>

Mynd 12. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Fenrisúlfrur gleypir Óðinn“, 2008, mynd fengin úr: Ingunn Ásdísardóttir, *Örlög Guðanna*, Mál og menning, Reykjavík, 2008, bls. 113.

Mynd 13. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Þrumuguðinn Þór“, 2008, mynd fengin úr: *Örlög Guðanna*, Mál og menning, Reykjavík, 2008, bls. 39.

Mynd 14. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Loki“, 2008, mynd fengin úr: *Örlög Guðanna*, Mál og menning, Reykjavík, 2008, bls. 60-61.

Mynd 15. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Loki og Sigyn“, 2005, mynd fengin úr: Þórarinn Eldjárn, *Völuspá*, Mál og menning, Reykjavík, 2005, bls. 31.

Mynd 16. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Óðinn blæs lífi í Ask og Emblu“, 2005, mynd fengin úr: Þórarinn Eldjárn, *Völuspá*, Mál og menning, Reykjavík, 2005, bls. 15.

Mynd 17. Kristín Ragna Gunnarsdóttir, „Óðinn og Mímisbrunnur“, 2005, mynd fengin úr: Þórarinn Eldjárn, *Völuspá*, Mál og menning, Reykjavík, 2005, bls. 24.

Mynd 18. Gunnar Karlsson, „Þór“, 2010, mynd fengin af heimasíðu kvikmyndarinnar Legends of Valhalla - Thor, 4. des, 2010. Vefslóð: [www.legendsofvalhalla.com](http://www.legendsofvalhalla.com)

Mynd 19. Walt Disney Pictures, „Hercules“, 1997, mynd fengin af heimasíðu Internet Movie Database, 24. janúar, 2011. Vefslóð: <http://www.imdb.com/title/tt0119282/mediaindex>

Mynd 20. Gunnar Karlsson, „Freyja“, 2010, mynd fengin af heimasíðu kvikmyndarinnar Legends of Valhalla - Thor, 4. des, 2010. Vefslóð: [www.legendsofvalhalla.com](http://www.legendsofvalhalla.com)

Mynd 21. Walt Disney Pictures, „Megara“, 1997, skjástilla úr kvikmynd: Clements, Ron, *Hercules*, Walt Disney Pictures, 1997, mínúta 35:50.

Mynd 22. Gunnar Karlsson, „Óðinn“, 2010, mynd fengin af heimasíðu kvikmyndarinnar Legends of Valhalla - Thor, 4. des, 2010. Vefslóð: [www.legendsofvalhalla.com](http://www.legendsofvalhalla.com)

Mynd 23. Walt Disney Pictures, „Zeus“, 1997, skjástilla úr kvikmynd: Clements, Ron, *Hercules*, Walt Disney Pictures, 1997, mínúta 3:39.

Mynd 24. Gunnar Karlsson, „Hel“, 2010, mynd fengin af heimasíðu kvikmyndarinnar Legends of Valhalla - Thor, 4. des, 2010. Vefslóð: [www.legendsofvalhalla.com](http://www.legendsofvalhalla.com)

Mynd 25. Walt Disney Pictures, „Hades“, 1997, skjástilla úr kvikmynd: Clements, Ron, *Hercules*, Walt Disney Pictures, 1997, mínúta 10:14.